

14. FUNDUR SAMSTARFSNEFNDAR UM SAMEININGU Í A-HÚN

Föstudaginn 4. júní 2021, var fundur haldinn í Zoom kl. 13:00.

Mætt voru:

Frá Húnavatnshreppi: Jón Gíslason, Ragnhildur Haraldsdóttir og Einar Kristján Jónsson.

Frá Skagaströnd: Guðmundur Egill Erlendsson og Alexandra Jóhannesdóttir

Frá Blönduósbae: Guðmundur Haukur Jakobsson og Valdimar O. Hermannsson.

Frá Skagabyggð: Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Magnús Björnsson og Karen Helga R. Steinsdóttir.

Frá RR ráðgjöf: Jón Hrói Finnsson og Róbert Ragnarsson.

Póra Sverrisdóttir, Halldór G. Ólafsson og Jón Örn Stefánsson boðuðu forföll.

Jón Gíslason setti fundinn og stýrði dagskrá.

Jón Hrói Finnsson ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Undirbúningur kosninga

Farið yfir stöðuna varðandi undirbúning kosninga um sameiningu.

Borist hefur yfirlýsing frá Þórdísi Kolbrúnu Reykfjörð Gyolfadóttur ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra þar sem hún lýsir stuðningi við uppbyggingu ferðapjónustu á köldum svæðum. Einnig hefur borist yfirlýsing frá Sigurði Inga Jóhannssyni samgöngu og sveitarstjórnarráðherra um stöðu samgöngubóta á svæðinu.

Ákveðið að úrslit kosninganna verða birt á vefsvæði verkefnisins www.hunvetningur.is.

Hvert og eitt sveitarfélag ber þann kostnað sem fellur til við kosningarnar í viðkomandi sveitarfélagi, þ.m.t. þóknun til kjörstjórnarfulltrúa.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 13:45.